



FFSÍ

**FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS**

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi
Erindi nr. P 132/765
komudagur 7.2.2006

Reykjavík 1. febrúar 2006

**Nefndsvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurbæti 8 –10
150 Reykjavík.**

Efni: Frumvarp til laga um Siglingastofnun Íslands 376 mál, öryggi á sjó.

FFSÍ gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. FFSÍ


Árni Bjarnason



Félag skipstjórnarmanna

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/816
komudagur 10.2.2006

Nefndarsvið Alþingis
Samgöngunefnd.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 8.febrúar 2006.

Umsögn: Frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum, nr.34/1985, með síðari breytingum. 376.mál.

Félag skipstjórnarmanna gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Félags skipstjórnarmanna


Guðjón Armann Einarsson

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA *Alþingi*
Erindi nr. P 132/832
komudagur 14.2.2006

Alþingi samgöngunefnd
b.t. Ingvars Pórs Sigurðssonar

Reykjavík 9. febrúar 2006

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

0601004HA BLB
Tilv.:630

Efni: Umsögn um frumvarp til siglingalaga

Stjórn Hafnasambands sveitarfélaga hefur ekki fjallað um frumvarp til laga um breytingu á siglingalögum nr. 34/1985, með síðari breytingum, en hafa stjórnarmenn hafnasambandsins fengið frumvarpið til skoðunar.

Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Birgir L. Blöndal

Birgir L. Blöndal

Alþingi
Erindi nr. P 132/1185
komudagur 7.3. 2006

Samgöngunefnd Alþingis (Þskj.432-376.mál.)

Kjölbátasamband Íslands og Siglingafélag Reykjavíkur ,Brokey gera eftifarandi athugasemdir við frumvarpið .

Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að hafa jafn strangar reglur um áfengismagn í blóði þeirra sem stjórna skemmtibátum og þeirra sem hafa atvinnu af siglingum enda gilda aðrar reglur um um réttindi manna til að stjórna og starfa um borð í skipum eftir stærð skipa.Í Noregi er miðað við hærri mörk .

Ákvæði frumvarpsins um að skipverji “ reyni að stjórna skipi “ er eigendum skemmtibáta mikill þyrnir í augum og krefjast þess að orðalag þetta verði tekið út úr frumvarpinu . Skemmtibátar eru notaðir eins og sumarbústaðir þegar þeir eru bundnir við bryggju og þess vegna oft nauðsynlegt að gangsetja vélina til þess að hlaða rafgeyma skipsins og til þess að hafa hita um borð .

Það væri algerlega óviðunandi að fá sekt og jafnvel réttidasviptingu og fangelsisvist allt að tveimur árum fyrir að gangsetja vél við slíkar aðstæður.

Ákvæði frumvarpsins um skilgreiningu á skipi sem “sérhvert fljótandi far , óháð lengd eða knúningmáta “ getur ekki staðist , og á alls ekki heima í siglingalögum .Orðalag þetta er mjög ónákvæmt og ættu reglurnar einungis að taka til skráningarskyldra báta .

Reykjavík 13.febrúar 2006

Virðingarfyllt

Fh. Kjölbátasambands Íslands og Siglingafélags Reykjavíkur ,Brokey

Kristján S. Sigurgeirsson

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

ICELANDIC COAST GUARD

Alþingi

Erindi nr. P 132/888

komudagur 17.2.2006




Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/015/9.6 /DS/sig
Reykjavík 13. febrúar 2006

**Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um
frumvarp til siglingalaga, 376. mál, öryggi á sjó**

Landhelgisgæslan telur frumvarpið vera til bóta og gerir ekki athugasemdir við það.

f.h. Landhelgisgæslu Íslands


Dagmar Sigurðardóttir lögfr.



Skógarhlíð 14
105 Reykjavík
ICELAND



lhg@lhg.is
www.lhg.is



354-5452000



354-5452001

Alþingi
Erindi nr. P 132/833
komudagur 14.2.2006

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Til samgöngunefndar Alþingis

13. febrúar 2006

Efni: Umsögn um 376. mál.
„Frumvarp um breytingu á siglingalögum,
nr. 34/1985, með síðari breytingum.“

Landssamband smábátæigenda mælir með samþykkt frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllt

f.h. Landssambands smábátæigenda



Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 132/873
komudagur 15.2.2006

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 14. febrúar 2006

Tilvísun: 2006010295

50.03

Alþingi
Nefnasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um siglingalaga, 376. mál

Vísað er til bréfs samgöngunefndar frá 26. janúar sl. þar sem óskað var umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Ríkislögreglustjórinn er sammála því að þörf sé á að rýmka gildissvið 238. gr. laganna.

Ríkislögreglustjórinn setur þó fram fyrirvara varðandi ákvæði 4. og 5. mgr. er lýtur annars vegar að meðferð lögregluvalds sem lið í rannsókn opinbers máls og hins vegar varðandi hugtakanotkun er tengist mælingu áfengismagns. Í þessu sambandi bendir ríkislögreglustjórinn á að samkvæmt yfirliti á vef alþingis um umsagnaraðila frumvarpsins þá virðist frumvarpið ekki hafa verið sent ríkissaksóknara. Að mati ríkislögreglustjórans er nauðsynlegt að nefndin leiti eftir álitum ríkissaksóknara varðandi fyrirhugaðar breytingar enda embættið æðsti handhafi ákærvalds og fer lögum samkvæmt með eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk varðandi rannsóknir opinberra mála.


Varðandi hugtakanotkunina þá ber að geta þess að þann 12. september 2003 setti ríkislögreglustjóri, í samráði við ríkissaksóknara, reglur um töku öndunarsýna til rannsóknar á áfengisáhrifum (umferðalög). Samkvæmt reglunum þá er s.k. **öndunarpróf** forpróf sem gefur til kynna hvort áfengi finnist í útöndunarlofti og er niðurstaðan mæld í prómillum (%). Ef ökumaður bifreiðar mælist með 0,45 ‰ eða meira vínandamagn í lofti skal færa hann til töku á öndunarsýni eða blóðsýni. **Öndunarsýni** er rannsókn sem framkvæmd er af lögreglu skv. 3. mgr. 47. umferðalaga nr. 50/1987 til að mæla vínandamagn í útöndunarlofti ökumanns eða annarra skv. 92. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Niðurstaða öndunarsýnis er mæld í milligrömmum í hverjum lítra lofts. Af þessu er ljóst að ekki ber sama hugtakanotkun í frumvarpinu og þeim mælitækum sem notuð eru af lögreglu til ákvörðunar áfengismagns.

Þá eru einnig gerðar athugasemdir við það sem kemur fram í fylgiskjali varðandi kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins. Ef frumvarpið yrði samþykkt óbreytt þá er ljóst að Landhelgisgæslan og tollayfirvöld þurfa að kaupa viðeigandi búnað og þjálfa starfsfólkið í notkun hans.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Ríkislögreglustjórinn vonast til þess að eiga kost á að koma fyrir nefndina og gera frekari grein fyrir sjónarmiðum embættisins.

F.h. RLS


Steinar Adolffson

BN/jhb

Reykjavík 21. febrúar 2006.

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis dagsettu 15. þ.m. barst til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum nr. 34/1985, 376. mál.

Ekki hefur gefist tími til að fara svo rækilega yfir efnisatriði frumvarpsins að unnt sé að gefa ítarlega umsögn.

Ástæða þykir þó til að benda á að bæði í 1. og 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins virðist vera galli á setningaskipan eða orðalagi.

E.t.v. kemur til greina að haga orðalagi 1. mgr. sem segir: *Hafi skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri (eða skipverji eða annar starfsmaður, sem hefur með hendi starfa í skipi) orðið valdur að ..o.s.frv.*


Þá kemur e.t.v. til greina að byrja 2. mgr. þannig: *Enginn má stjórna eða reyna að stjórna skipi ef hann ...* og enda setninguna á orðunum: *..á fullnægjandi hátt.* Síðan mætti bæta við: *Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum... o.s.frv..*

Þess er vænst að mögulegt verða að finna og nota annað orð í stað orðsins "aðili" í 4. og 5. mgr. 1. gr. eða að haga orðum með öðrum hætti en gert er í málsgreinunum til þess að forðast þetta orð.

Í athugasemdum með frumvarpinu er vísað til reglna í Noregi um bann við ölvun við skipstjórn. Samkvæmt norsku siglingalögum mun það einungis vera lögregla sem getur gert öndunarpróf á þeim sem grunaður er um slíkt brot og síðan látið grunaða gangast undir töku blóðsýnis, öndunarsýnis o.s.frv. Ekki verður séð að ástæða sé til að haga þessu öðruvísi hér, sbr. 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Þá segir í athugasemdunum að í Noregi sé það nú refsivert fyrir þá sem starfa á skipum að vera með tiltekið áfengismagn í blóði. Samkvæmt norsku lögum beinast umrædd refsíákvæði að þeim sem stjórna eða reyna að stjórna skipi og jafnframt þeim, sem annast starf á skipinu sem hefur mikla þýðingu fyrir öryggi til sjós, þeirra á meðal hafnsögumönnum.

Ekki hefur gefist tími til að fara yfir 2. gr. frumvarpsins en í fljótu bragði sýnist það þarfnast endurskoðunar og lagfæringar.



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10


150 REYKJAVÍK

Póstfang:
Hverfisgata 6
150 Reykjavík

Sími:
530-1600
Netfang: rsak@tmd.is

Bréfsími:
530-1606

Kennitala:
530175-0229



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. P 132/830
komudagur 14.2.2006

Reykjavík 13. febrúar 2006.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum, 376. mál.

Sjómannasamband Íslands styður frumvarpið og telur efni þess þarft innlegg til að taka á hættulegri hegðun eða ástandi skipstjóra, skipverja eða annarra starfsmanna.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd

Alþingi
Erindi nr. P 132/750
komudagur 3.2.2006

Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og Slysavarnaskóla sjómanna hafa borist eftirfarandi frumvörp til laga:

um breytingar á lögum um heimild fyrir ríkisstjónina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, nr. 7/1075, með síðari breytingum;

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr 5/1996, með síðari breytingum;

um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum og

um rannsóknir sjóslysa

Ekki eru gerðar athugasemdir við umrædd frumvörp til laga.

Fyrir hönd Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Slysavarnaskóla sjómanna

Hilmar Snorrason
Skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. febrúar 2006.

Frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum

Eins og fram kom í bréfi til Nefndasviðs Alþingis dags. 1. febrúar 2006 hefur nýtt flutningasvið SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu tekið við verkefnum Sambands íslenskra kaupskipaútgerða. Við þökkum mótttekið bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags 26. janúar s.l. þar sem óskað er umsagnar um ofangreint lagafrumvarp.

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu fagna þeirri réttarbót sem í frumvarpi þessu felst og gera engar athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu



Tryggvi Þór Agústsson

samrit sent í tölvupósti

Sýslumannafélag Íslands.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/736
komudagur 1.2.2006


Akranes 30. 1. 2006.

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 26. janúar sl. fór samgöngunefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á siglingalögum 34/1985, mál nr. 376, öryggi á sjó.

Stjórn félagsins hefur fjallaði um efni frumvarpsins. Niðurstaðan varð sú að Sýslumannafélagi Íslands fagnar þeirri breytingu sem frumvarpið boðar og gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar þess.

F. h. Sýslumannafélags Íslands,



Olafur P. Hauksson.



TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/887
komudagur 17.2.2006

15. febrúar 2006.

**Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1984,
með síðari breytingum; - 376. mál.**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 26. janúar sl., þar sem óskað var umsagnar Tollstjórans í Reykjavík um ofangreint frumvarp.

Embættið telur einungis tilefni til athugasemda vegna 5. mgr. 238. gr, eins og lagt er til í frumvarpinu að sú grein verði.

Þar kemur fram að auk lögreglu geti aðrir sem fara með lögregluvald ákveðið að skipstjórnarmenn skuli undirgangast öndunarpróf og töku blóð- og þvagsýna til þess að staðreynt verði hvort þeir hafi gerst brotlegir samkvæmt greininni.

Við umræddar aðstæður myndu tollverðir að óbreyttu jafnan kveðja til lögreglu. Þessar aðgerðir gagnvart skipstjórnarmönnum eru í þágu rannsóknar opinbers máls sem Tollgæslan er ekki bær til að rannsaka. Má telja eðlilegast að ákvörðunarvald um slíkar aðgerðir verði einungis í höndum aðila sem fara með forræði á viðkomandi málum.

Nefna má að lögregla ein hefur umræddar valdheimildir við sömu aðstæður í flugförum, sbr. 4. málslíð 3. mgr. 37. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.

Virðingarfyllt,

f.h.t.

Hermann Guðmundsson, lögfræðingur
Lögfræðideild TSR

Alþingi
Erindi nr. P 132/834
komudagur 14.2.2006



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 10. febrúar 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á siglingalögum, nr. 3471985, með síðari breytingum.

Frumvarpið kveður á um að skipverji sem með gáleysislegri hegðun sinni veldur sjóttjóni af einhverju tægi geti átt yfir höfði sér sekt eða allt að 4 ára fangelsi.

Einnig að heimilt sé að svipta þá skipverja sem þurfa sérstakt atvinnuskírteini til þess að mega gegna viðkomandi yfirmannsstöðum skírteininu um ókveðinn tíma en þó aldrei skemur en í þrjá mánuði.

Vélstjórafélag Íslands tekur undir efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Vélstjórafélags Íslands,

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!